

Ársreikningur RARIK fyrir árið 2019

Hagnaður RARIK á árinu 2019 var um 2,7 milljarðar króna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 2.726 milljónum króna sem er svipað og áætlanir gerðu ráð fyrir, en lækkaði um tæp 2% frá árinu 2018 þegar hagnaður ársins nam 2.781 milljónum króna. Reiknuð áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets lækkuðu og voru 770 milljónir króna en voru 909 milljónir á árinu 2018. Heildarhagnaður að teknu tilliti til þýðingarmunar hlutdeildarfélagssins nam 3.103 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 5.740 milljónum króna eða 34,2% af veltu ársins, samanborið við 33,5% á árinu 2018. Handbært fé frá rekstri nam 4.307 milljónum króna.

Rekstrartekjur hækkuðu um tæpt 1% frá árinu 2018 og námu 16.777 milljónum króna og rekstrargjöld hækkuðu á milli ára um tæp 2% og námu 13.276 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2019 nam 3.501 milljónum króna sem er rúmlega 3% lækkun frá fyrra ári. Minni veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og lægri verðbólga á árinu gerðu það að verkum að fjármagnsliðir voru heldur hagstæðari en á fyrra ári. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur námu um 1.059 milljónum króna, en á árinu 2018 námu þau 1.274 milljónum króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir RARIK í árslok 68.306 milljónum króna og hækkuðu um 2.353 milljónir króna á milli ára. Heildarskuldir námu 24.380 milljónum króna og lækkuðu um 441 milljón króna frá fyrra ári. Eigið fé var 43.926 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall því 64,3% samanborið við 62,4% í árslok 2018. Fjárfestingar ársins að frádregnu söluandvirði seldra rekstrarfjármuna námu 5.512 milljónum króna, sem er 1.818 milljónum króna hærra en árið á undan. Fjárfestingar í hitaveitum voru minni en áætlað var og færast yfir á árið 2020, en fjárfestingar í dreifikerfinu með jarðstrengjum voru umfram áætlanir. Í árslok 2019 var hlutfall jarðstrengja í dreifikerfi RARIK komið í 65%.

Stjórn RARIK ohf. leggur til við aðalfund að greiddar verði 310 milljónir króna í arð til eiganda RARIK sem er Ríkissjóður Íslands.

Samstæðuársreikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Þrátt fyrir óveður og tjón í upphafi árs eru horfur í rekstri RARIK á árinu 2020 góðar. Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins af reglulegri starfsemi samstæðunnar verði sambærilegur og á árinu 2019 en að fjárfestingar aukist á milli ára.

Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, allar fjárhæðir í milljónum króna.

	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Rekstartekjur	16.777	16.637	14.886	14.670	13.252	12.521	11.793	11.412
Rekstrargjöld	13.276	13.022	11.884	11.399	10.755	9.513	9.108	8.428
Rekstrarhagnaður	3.501	3.615	3.002	3.271	2.497	3.008	2.684	2.984
Hrein fjármagnsgjöld	-1.059	-1.274	-706	-293	-850	-748	-867	-1.282
Áhrif hlutdeildarfélags	770	909	670	-344	903	847	491	180
Hagnaður fyrir skatta	3.212	3.250	2.966	2.634	2.550	3.107	2.309	1.882
Tekjuskattur	-486	-469	-459	-594	-330	-446	-362	-341
Hagnaður	2.726	2.781	2.507	2.040	2.220	2.661	1.947	1.541
Eignir samtals	68.306	65.953	58.465	57.722	57.751	48.536	46.787	44.569
Eigið fé	43.926	41.132	37.730	36.134	35.623	29.495	27.144	25.507
Skuldir	24.380	24.821	20.735	21.588	22.128	19.041	19.643	19.062
Handbært fé frá rekstri	4.307	3.755	3.952	3.487	3.587	3.837	3.541	3.257
Greidd vaxtagjöld	734	667	625	727	741	649	657	630
EBITDA	5.740	5.569	4.767	5.066	4.151	4.719	4.300	4.351
Vaxtaþekja	7,82	8,35	7,63	6,97	5,60	7,27	6,54	6,91
Eiginfjárhlutfall	64,3%	62,4%	64,5%	62,6%	61,7%	60,8%	58,0%	57,2%
EBITDA/Velta	34,2%	33,5%	32,0%	34,5%	31,3%	37,7%	36,5%	38,1%

Ársreikningur RARIK 2019 var samþykktur á fundi stjórnar þann 27. febrúar, 2020 og heimilaði stjórn birtingu hans í Kauphöll Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK í síma 528-9000.